



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 13. janúar 2021

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - til umsagnar 397. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember 2020, en honum fylgdi tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds. Lagt er til að Alþingi álykti að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram frumvarp þess efnis að lögum um ráðstöfun útvarpsgjalds skuli breytt. Breytingin lúti að því að hverjum og einum greiðanda útvarpsgjalds skuli heimilt að ráðstafa allt að þriðjunggi gjaldsins til annarra fjölmiðla en Ríkisútvarpsins eins og hann kýs.

Hér að neðan fer umsögn Sýnar hf. um tillöguna:

Svo sem fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur um árábil verið rætt um að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og renna þannig styrkari stoðum undir frjálsa fjölmiðla, en slík umræða hefur ekki hlotið brautargengi. Í umsögn sem Sýn hf. sendi allsherjar- og menntamálanefnd, dags. 10. janúar 2020, sem er meðfylgjandi, komu til að mynda fram hófsamar tillögur um hvernig unnt væri að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði.

Fram til þessa hafa stjórnvöld og Alþingi ekki brugðist við umræðunni um að takmarka fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði með trúverðugum hætti. Til marks um það hefur menntamálaráðherra nýverið undirritað nýjan þjónustusamning við RÚV, sem festir í sessi veru RÚV á auglýsingamarkaði til næstu ára. Það var m.a. á grundvelli þessarar staðreyndar sem stjórnendur Sýnar tóku ákvörðun um að Stöð2 verði alfarið áskriftarstöð frá 18. janúar n.k., sem þýðir að einungis RÚV flytur héðan í frá sjónvarpsfréttir í opinni dagskrá.

Svo sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni þekkist nefskattur á borð við útvarpsgjald nú þegar í lögum um sóknargjöld. Þar er kveðið á um að þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög skuli eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti sem lagður er á samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Er það val skattgreiðenda til hvaða safnaðar gjaldið rennur. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að útfæra útvarpsgjaldið á svipaðan hátt, t.d. þannig að skattskyldur aðili tilgreini á skattframtali hverju sinni hvert hann vill beina hluta útvarpsgjaldsins.

Sýn tekur heils hugar undir tillöguna en fær ekki séð hvers vegna einungis þriðjunggi útvarpsgjaldsins ætti að vera úthlutað með þessum hætti. Á meðan RÚV heldur áfram að afla sér auglýsingatekna sem að jafnaði nema 2 milljörðum króna á ári eru þvert á móti full rök



Sýn hf. • Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Kt. 4709051740 • syn.is



fyrir því að einkareknir fjölmiðlar og RÚV skipti með sér öllu útvarpsgjaldinu í samræmi við vilja skattgreiðenda. Með slíku móti væri með trúverðugum hætti stigið skref til að styrkja samkeppnisstöðu einkarekinna miðla og grunnur lagður að því að unnt verði að halda úti öflugum fréttamiðlum, sem veiti stjórnvöldum og öðrum raunverulegt aðhald í lýðræðislegri umræðu.

Virðingarfyllst,
f.h. Sýnar hf.

Páll Ásgrímsson, lögmaður

Meðfylgjandi: Fyrri umsögn Sýnar, dags. 10. janúar 2020





Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 13. janúar 2021

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - til umsagnar 397. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember 2020, en honum fylgdi tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds. Lagt er til að Alþingi álykti að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram frumvarp þess efnis að lögum um ráðstöfun útvarpsgjalds skuli breytt. Breytingin lúti að því að hverjum og einum greiðanda útvarpsgjalds skuli heimilt að ráðstafa allt að þriðjunggi gjaldsins til annarra fjölmiðla en Ríkisútvarpsins eins og hann kys.

Hér að neðan fer umsögn Sýnar hf. um tillöguna:

Svo sem fram kemur í greinargerð með tillögunni hefur um árábil verið rætt um að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og renna þannig styrkari stoðum undir frjálsa fjölmiðla, en slík umræða hefur ekki hlotið brautargengi. Í umsögn sem Sýn hf. sendi allsherjar- og menntamálanefnd, dags. 10. janúar 2020, sem er meðfylgjandi, komu til að mynda fram hófsamar tillögur um hvernig unnt væri að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði.

Fram til þessa hafa stjórnvöld og Alþingi ekki brugðist við umræðunni um að takmarka fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði með trúverðugum hætti. Til marks um það hefur menntamálaráðherra nýverið undirritað nýjan þjónustusamning við RÚV, sem festir í sessi veru RÚV á auglýsingamarkaði til næstu ára. Það var m.a. á grundvelli þessarar staðreyndar sem stjórnendur Sýnar tóku ákvörðun um að Stöð2 verði alfarið áskriftarstöð frá 18. janúar n.k., sem þýðir að einungis RÚV flytur héðan í frá sjónvarpsfréttir í opinni dagskrá.

Svo sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni þekkist nefskattur á borð við útvarpsgjald nú þegar í lögum um sóknargjöld. Þar er kveðið á um að þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög skuli eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti sem lagður er á samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Er það val skattgreiðenda til hvaða safnaðar gjaldið rennur. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að útfæra útvarpsgjaldið á svipaðan hátt, t.d. þannig að skattskyldur aðili tilgreini á skattframtali hverju sinni hvert hann vill beina hluta útvarpsgjaldsins.

Sýn tekur heils hugar undir tillöguna en fær ekki séð hvers vegna einungis þriðjunggi útvarpsgjaldsins ætti að vera úthlutað með þessum hætti. Á meðan RÚV heldur áfram að afla sér auglýsingatekna sem að jafnaði nema 2 milljörðum króna á ári eru þvert á móti full rök



Sýn hf. • Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Kt. 4709051740 • syn.is



Nefndarsvið Alþingis
Alsherjar- og menntmálanefnd

Reykjavík, 10. janúar 2020

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - Þingskjal 645 — 458. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember 2019, en honum fylgdi frumvarp til laga um fjölmiðla (stuðningur við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis o.fl.), 458. mál. Óskað var eftir umsögn um frumvarpið sem skyldi berast ekki síðar en 10. janúar 2020. Hér að neðan fer umsögn Sýnar hf. um frumvarpið:

1. Almenn

Frumvarpið er nú lagt fram í lítillaga breyttri mynd frá frumvarpinu birt var í samráðsgátt stjórnvalda snemma árs 2019. Með bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 15. febrúar 2019, veitti Sýn umsögn sína um það frumvarp. Helstu breytingar í frumvarpi því sem nú er í þinglegri meðferð lúta að heildarfjárframlagi til styrkveitinga, sem nú er kr. 400 millj. í stað 500 millj. Þá er endurgreiðsluhlutfall skv. frumvarpinu nú 18%. Að öðru leyti er megin efni frumvarpsins það sama og áður. Af þeim sökum er alfarið vísað til umsagnarinnar frá 15. febrúar 2019, sem gildir að breyttu breytanda, og er fylgiskjal með bréfi þessu. Samandregið voru helstu athugasemdir og tillögur Sýnar á fyrri stigum:

1. Hámark styrkuppþæðar verði afnumið EÐA sett hámark fyrir hvern miðil sem fjölmiðlaveita rekur.
2. Starfsheitunum fréttapróducent, klippari, þýðandi og grafiker verði bætt við endurgreiðsluhæf starfsheiti.
3. Hafist verði handa við að skoða aðrar leiðir til að bæta rekstrarumhverfi fjölmiðla, þar á meðal með því að takmarka verulega umsvif RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV hætti að afla sér fé með auglýsingum.
4. Tekið verði upp sambærilegt endurgreiðslu- eða styrkjakerfi vegna þýðinga- og talsetningakostnaðar.

2. Nánar um hvernig unnt verði að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði

Sýn telur mikilvægt að samhliða samþykkt frumvarpsins verði hafist handa við að takmarka umsvif RÚV á auglýsingamarkaði í áföngum. Fyrsta skref gæti verið að setja hámark á þær auglýsingatekjur sem RÚV verði heimilt að afla. Skv. gildandi fyrirkomulagi nema þær um 2 ma. kr. á ári.

Leggur Sýn til að tekjur RÚV af auglýsingum verði bundar við hámark sem nemur um 20%-25% af tekjum stofnunarinnar af nefskatti. Miðað við núverandi tekjur RÚV gæti þessi hámarks upphæð numið um 1 ma.kr. á ári (miðað við 4,7 ma.kr. í tekjur af nefskatti). Fari



Sýn hf. • Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Kt. 4709051740 • syn.is



auglýsingatekjur yfir þá upphæð myndi nefskattur lækka sem þeirri upphæð nemur. Þannig væri RÚV með traustar og stöðugar tekjur til rekstrarins og þyrfti ekki að beita aflsmunum í samkeppni við einkarekna miðla.

Telur Sýn að þrátt fyrir slíka skerðingu á tekjuöflunarmöguleikum þá muni rekstarafkoma RÚV ekki skerðast í sömu hlutföllum. Ræðst þetta af því að samhliða væri unnt að draga verulega úr starfsemi eða leggja niður hina fjölmennu og ágengu auglýsingadeild, sem nú er starfrækt á RÚV. Sala RÚV á auglýsingum upp að 1 ma. kr. hámarkinu færi einkum fram á netinu á grundvelli opinberrar og gagnsærrar verðskrár og með lágmarks umsýslukostnaði. Kostnaður við rekstur auglýsingadeildar myndi lækka á lágmarki um 80%.

Staða RÚV mun að líkindum styrkjast þegar ákvarðanir um dagskrá miðast ekki við áhorfsmælingar og auglýsingatekjur heldur efnistöð og gæði. Þá yrði það RÚV hagfelld að tekjur hvers árs væru traustar og fyrirséðar í stað þess að sveiflast eftir árangri í auglýsingasölu.

Að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar hvað varðar afstöðu Sýnar til frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Sýnar hf.



Páll Ágrímsson, lögmaður

Meðfylgjandi: Fyrri umsögn Sýnar, dags. 15. febrúar 2019



VÍSIR



BYLGJAN





Mennta og menningarmálaráðuneytið

Sölvhóls götu 4

101 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2019

Athugasemdir Sýnar hf við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttu, fréttatengds efnis o.fl.)

Sýn hf, kt. 4709051740, rekur fjölþætta fjölmiðlastarfsemi sem innifelur Stöð 2, Stöð 2 sport, Vísi, Bylgjuna, FM957 og X977 og fleiri sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar starfar sem ein ritstjórn sem miðlar fréttum inn á Stöð 2, Vísi og Bylgjuna. Fluttar eru fréttir 365 daga ársins í opinni dagskrá fyrir alla landsmenn. Reglur Sýnar um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofunnar eru birtar á vef fjölmiðlanefndar ásamt ritstjórnarstefnu fréttastofunnar. Þá fer fram á vegum Sýnar fjölbreytt dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi, þar á meðal fjöldi þátta sem fjalla um fréttir og samfélagsmál á breiðum grunni.

Umfjöllun

Sýn fagnar drögum að frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra um stuðning við öflun og miðlun fréttu og fréttatengds efnis. Þau eru mikilvæg vísbending um vilja stjórnvalda til að koma til móts við versnandi rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla, sem fjallað er um í skýrslu nefndar um bætt rekstrarumhverfi fjölmiðla frá janúar, 2018. Með frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir stuðningskerfi við einkarekna miðla sem líkist því stuðningskerfi sem kvikmyndaframleiðsla á Íslandi nýtur.

Í kynningu með frumvarpsdrögum segir að þau séu í samræmi við „það meginmarkmið stjórnvalda á sviði fjölmiðlunar að viðhalda og efla lýðræðislega umræðu og lýðræðisþátttöku fólks með því að efla miðlalæsi, stuðla að fjölbreytni, gagnsæi og fjölræði í fjölmiðlum.“ Í greinargerð með drögum segir meðal annars að „styrkveitingar skuli vera til þess fallnar að styðja við sterkar ritstjórnir með slagkraft til metnaðarfullra verkefna en ekki síður við fjölbreytta flóru smærri miðla.“

Einkareknir fjölmiðlar á Íslandi starfa á markaði þar sem auglýsingafé hverfur í auknum mæli úr landi og risastórar erlendar efnisveitur keppa við þær innlendu um áskrifendur. Mótvægi við þá þróun eru íslenskir miðlar sem leggja áherslu á innlent dagskrárefni og fréttabjónustu, hvort sem er á vefnum eða í ljósvaka.

Á sama tíma er ósennilegt annað en að falsfréttir verði sú ógn á Íslandi sem þær hafa reynst í Evrópu og Norður-Ameríku. Falsfréttir hafa meðal annars haft áhrif á kosningabaráttu og þjóðaratkvæðagreiðslur, þar á meðal í gegnum fréttaveitur samfélagsmiðla. Helsta vörnin gegn óvönduðum eða beinlínis fölsuðum fréttaflytningi eru vandaðir fjölmiðlar með sterkar ritstjórnir sem haga starfi sínu í samræmi við siðareglur og ábyrga ritstjórnarstefnu. Það á við hér á landi eins og annars staðar.



Samkvæmt frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir styrkjum í formi endurgreiðslu á allt að 25% af beinum launakostnaði blaða- og fréttamanna, ritstjóra og aðstoðarritstjóra, myndatökumanna, ljósmyndara og prófarkalesara auk verktakagreiðslna fyrir sömu störf, þó ekki hærri en 50 milljónir króna til hvers umsækjanda. Sýn gerir athugasemd við þessi ákvæði.

Í fyrsta lagi er ákvæði um hámark styrks til þess fallið að mismuna fjölmiðlum eftir fjölda starfsmanna í þessum tilteknu störfum. Ákvæðið vinnur gegn því markmiði væntanlegs frumvarps að styðja við sterkar ritstjórnir með slagkraft til metnaðarfullra verkefna.

Í öðru lagi er í ákvæði um hámarksupphæð til hvers umsækjanda innbyggður hvati til þess fyrirkomulags að hafa ritstjórnir litlar og að sinna einum eða fáum miðlum. Það vinnur gegn því fyrirkomulagi að ein burðarmikil ritstjórn vinni fyrir fleiri miðla í eigu eins fyrirtækis. Þetta ákvæði gengur þannig gegn markmiðinu um ritstjórnir með slagkraft.

Í þriðja lagi tekur upptalning stöðuheita ekki mið af þeirri staðreynd að aðrir starfsmenn, svo sem pródúsentar, klipparar, þýðendur og grafíkerar eru engu síður mikilvægir í fréttavinnslu í ljósvakamiðlum en þeir starfsmenn sem taldir eru upp.

Umfram viðfangsefni þessara frumvarpsdraga vill Sýn benda á mikilvægi þess fyrir fjölmiðlaumhverfið að takmarka RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV muni á endanum ekki afla sér fé með auglýsingum. Líkt og fram kemur í skýrslunni um rekstrarumhverfi fjölmiðla þá var RÚV með 44% birtingarfjár í ljósvaka á Íslandi árið 2016. Ekki þarf mikið ímyndunarafl til að sjá hversu mikilli skekkju það veldur í samkeppninni í útvarpi og sjónvarpi þegar opinber aðili með milljarða forskot í formi gjalda á almenning er með tæpan helming auglýsingatekna líka.

Yfirburðastaða RÚV á ljósvakamarkaði skekkir líka samkeppnisstöðu einkarekinna miðla þegar kemur að samkeppni um dagskrárefni, bæði innlent og erlent. Á efniskaupamarkaði keppa miðlar eins og Stöð 2 nú þegar við risastórar alþjóðlegar efnisveitur og aðra innlenda einkaaðila. Það er eðlileg og sjálfsögð samkeppni. Samkeppni við opinber fyrirtæki, sem hefur ekki bara gífurlegt forskot í formi skatttekna heldur virðist hafa álíka dagskrárstefnu og einkamiðlarnir og beitir sér af alefli á auglýsingamarkaði, er allt annars eðlis.

Ríkisútvarp sem er ekki á auglýsingamarkaði og keppir ekki við einkaaðila í efniskaupum getur gegnt þjóðfélagslega mikilvægu hlutverki án þess að skekkja ljósvakamarkaðinn með fyrirferð sinni og forskoti. Með þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar er stigið ánægjulegt skref til fyrirkomulags sem gildir annars staðar á Norðurlöndum. Hægt er að taka stærra skref með breytingum á lögum um RÚV í þá átt sem hér er lýst.

Öll íslensk fyrirtæki hafa á undanförunum árum þurft að leggja út í mikla hagræðingu til að mæta auknum kostnaði og í fjölmiðlageiranum oft á tíðum minni tekjum. Ekki er óeðlilegt að RÚV þurfi einnig að vinna í sínum rekstri til dæmis til að mæta minni auglýsingatekjum í framtíðinni.



Sýn vill einnig benda á hlutverk sterkra innlendra fjölmiðla þegar kemur að íslenskri tungu og menningu. Erlendar efnisveitur sem starfa á íslenskum markaði bjóða ekki uppá íslenskt efni og einungis upp á lítinn hluta af efni með íslenskum texta. Kostnaður innlendra aðila við talsetningar og textun hleypur á hundruðum milljóna og telur Sýn að það myndi styðja enn frekar við markmið frumvarpsins að taka upp sambærilegt endurgreiðslu kerfi vegna þýðinga- og talsetningarkostnaðar.

Einnig er hægt að styðja fjölmiðla með ýmsum öðrum hætti, svo sem með niðurfellingu tryggingagjalds, lækkun virðisaukaskatts á áskriftum, styrkjum eða endurgreiðslu á þýðingum og talsetningum, heimilun áfengis- og tóbaksauglýsinga og ýmsum aðgerðum sem skýrslan um rekstrarumhverfi fjölmiðla rakti.

Sú leið sem valin er í frumvarpsdrögum er tiltölulega einföld og skilvirk og á sér fordæmi í endurgreiðslukerfi í kvikmyndaiðnaði. Hún er hins vegar ekki gallalaus. Í núverandi mynd skekkir hún samkeppnisumhverfi fjölmiðla með mismunun milli miðla eftir starfsmannafjölda, tekur ekki að fullu tillit til starfsheita á ljósvakamiðlum og tekur ekki á hinum miklu umsvifum RÚV á ljósvakamarkaði. Mikilvægt er að lagfæra þessa galla á frumvarpsdrögum og skoða aðrar almennari leiðir til að bæta rekstrar- og samkeppnisumhverfi fjölmiðla.

Tillögur Sýnar

1. Hámark styrkupp hæðar verði afnumið EÐA sett hámark fyrir hvern miðil sem fjölmiðlaveita rekur.
2. Starfsheitunum fréttapródúsent, klippari, þýðandi og grafiker verði bætt við endurgreiðsluhæf starfsheiti.
3. Hafist verði handa við að skoða aðrar leiðir til að bæta rekstrarumhverfi fjölmiðla, þar á meðal með því að takmarka verulega umsvif RÚV á auglýsingamarkaði með það að markmiði að RÚV hætti að afla sér fé með auglýsingum.
4. Tekið verði upp sambærilegt endurgreiðslu eða styrkjakerfi vegna þýðinga- og talsetningakostnaðar.



Að lokum vill Sýn ítreka þá almennu afstöðu sína að frumvarpsdrögin séu framfaraskref og lýsir sig reiðubúin til samvinnu við ráðherra og Alþingi við framhald málsins.

Virðingarfyllt,

F.h. Sýnar hf.

Stefán Sigurðsson, forstjóri